

Íris Stefánsdóttir
Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. júní 2015
UST201506-078/H.G.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi - Leirutangi

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 9. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Leirutanga á Siglufirði.

Í greinargerðinni kemur fram að starfsemi á tanganum í dag takmarkast við norðurhlutann þar sem staðsett er smábátahöfn og nokkrar athafnalóðir, þar á meðal steypustöð sem fyrirhugað er að flytja. Samkvæmt tillögunni á Leirutangi í framtíðinni að þjóna sem útivistar- og tjaldsvæði, griðland fugla, athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagssvæðið: núverandi staðhættir

Í greinargerðinni kemur fram að skipulagssvæðið á Leirutanga er 13 ha uppfylling sem nýtt hefur verið sem urðunar- og sorplosunarstaður í gegnum tíðina. Samkvæmt niðurstöðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands er efnamengun á tanganum mest á vesturhluta hans sem áætlað er að þjóni sem athafna- og þjónustusvæði en tjöldun og griðland fugla verði þar sem minni mengun er. Umhverfisstofnun tekur undir að nánari útfærsla á svæðinu og mengunarvörnum verði unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands og að gerð sé vöktunaráætlun vegna mengunar frá urðunarsvæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið deiliskipulagsins um að aðskilja með skýrum hætti athafnasvæði frá tjaldsvæði, útivistarsvæði og fuglagriðlandi.

Á svæðinu er ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Verslunarlóð

Fram kemur í greinargerð að gert er ráð fyrir stað til að losa úr ferðasalernum á verslunarlóð. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Tjaldsvæði og útivistarsvæði

Samkvæmt tillögunni verður lóð tjaldsvæðisins mótuð og afmörkuð eftir því sem við á. Reistar verða manir og gróðurbelti til að aðskilja tjaldflatir og skilja þær frá athafnasvæði og göngslóðar og akfærar gönguleiðir verða lagðar í gegnum tjaldsvæðið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði felldar að svæðinu til að forðast sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að útivistarsvæðið verði mótað m.t.t. náttúrufars og aðstæðna og að efnisval í bekki, skilti og þ.h. taki mið af ásýnd svæðisins.

Griðland fugla

Umhverfisstofnun tekur undir að Fjallabyggð setji umgengnisreglur í fuglagriðlandinu og að skilti með upplýsingum um reglur, náttúrufar og dýralíf skuli vera sýnileg á svæðinu, ekki síst þeim reglum sem gilda munu á varptíma fugla á vorin. Tryggja verður að upplýsingar séu sýnilegar við allar aðkomuleiðir akandi sem og gangandi og hjólandi.

Umhverfisstofnun bendir á að í 5. kafla greinargerðarinnar eru áhrif framkvæmda á dýralíf og búsvæði á Leirutanga skilgreind sem óveruleg og jákvæð í tilviki griðlandsins. Umhverfisstofnun telur að styðja þurfi þessar fullyrðingar með frekari upplýsingum um núverandi lífríki á svæðinu og dreifingu varps. Umhverfisstofnun tekur undir það markmið deiliskipulagsins að hlúa að fuglalífi á tanganum og bæta aðstæður þess.

Vegir, stígar og bílastæði

Í greinargerðinni er gert ráð fyrir bílastæðum vegna útivistarsvæðisins norðaustast á tanganum. Umhverfisstofnun bendir á að takmarka megi umferð útivistarfólks inn á tjaldsvæðið með merkingum við aðkomuleiðir svo óviðkomandi umferð inn á tjaldsvæðið verði sem minnst.

Veitur

Samkvæmt greinargerðinni liggur fráveitukerfi Siglufjarðar í gegnum skipulagssvæðið, en í tillögunni er gert ráð fyrir fyrir færslu og lengingu núverandi útrásar sem og hreinsibrunni. Fram kemur að fráveitukerfið uppfylli skilyrði byggingareglugerðar nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Einnig er tekið fram að haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra vegna frágangs veitukerfisins. Engin tímamörk eru sett á þessar umbætur fráveitukerfisins í deiliskipulagstillögunni og bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt sé að tímasetja þessar framkvæmdir m.t.t. þróunar svæðisins.

Athafnasvæði

Fram kemur í kafla 3.3 að starfsemi á athafnasvæðinu vestast á svæðinu eigi hvorki að verða lyktar- né hávaðamengandi, enda í námunda við tjaldflatir. Þó eru þungaflutningar nefndir í kafla 4.4 sem möguleg starfsemi á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að þungaflutningum fylgir jafnan hávaði og mengun vegna útblásturs sem truflað gæti tjaldgesti ef athafnalóðin lægi að tjaldsvæðinu.


Sorplosun


Fram kemur í greinargerðinni að gert verður ráð fyrir sorplosun og flokkun á öllum lóðum á Leirutanga. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um sorpflokkun og bendir á að skýrar leiðbeiningar til ferðamanna um tilhögun sorpflokkunar í Fjallabyggð, t.d. í formi merkinga á tunnur, séu nauðsynlegar til árangurs.

Framkvæmdatími

Ekki kemur fram í greinargerðinni hvenær framkvæmdir á Leirutanga eru fyrirhugaðar. Umhverfisstofnun mælist til að ekki sé farið í framkvæmdir á varptíma fugla á svæðinu svo það raskist ekki.

Virðingarfyllst


Hrönn G. Guðmundsdóttir
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

